

Fundur 1.5.2023 Sigurbjörn Einarsson.

Komið þið blessaðir og sælir, heilsa ég ykkur úr stjörnusambandsstöð og hef ég talað við ykkur áður og er hér mikill kraftur í salnum.

Er ég félagi þessu að góðu kunnur og hef ég þekkt þessar kenningar lengi, en hafa nú orðið breytingar á mínum högum og er ég hér magnaður af tveimur ólíkum hópum sem reyna þó að samstillast eftir megni og koma sér saman um megin atriði lífstefnunnar á þessum hnetti.

Og er það mikilvægt að hið íslenska þjóðfélag gerir sér grein fyrir því að ég er enn að vinna því til hagsbóta og hef ég þurft að fara margar krókaleiðir að því markmiði og þessi nýjasta breyting á lífi mínu og starfi kom mér á óvart að sumu leiti en þó ekki alveg.

Og vona ég að vel takist til og hægt verði að sætta andstæð sjónarmið og sá vaxandi hópur á þessum hnetti sem leitast eftir friði milli hópanna tveggja muni einnig reynast þeim öllum vel sem leitt hafa þjóðir þær sem á þessum hnetti hafa lotið forystu gamalla stjórnmálaafra og leiðtoga í stjörnusambandsstöðvunum í hverju landi sem hafa veitt góð ráð um stjórnun landanna.

Og er ýmis tíðindi að segja frá öðrum hnöttum misgóð og hef ég þó aftur fengið trú á Drottinn að hann miskunni sig yfir hjörð sína og atburðir þeir sem gerst hafa muni verða honum til dýrðar og sárin gróa og aftur komast á sá friður sem leiddur var af fulltingi hans og sigur vannst á ofbeldis öflum heiðinnar og öfga sjónarmiðanna.

Og finnst mér ég endurfæddur í annað sinn til trúar á Drottinn vorn og hef ég þurft að taka á öllu mínu að sætta andstæð sjónarmið hér á þessum hnetti og mikilvægt að skilja að einhvers konar mikið takmark vakir fyrir þeim sem stjórna, hvort sem það eru hinir gömlu Guðir eða Drottinn alsherjar í mætti sínum í skýjum himinsins og get ég ekki farið út í það í smá atriðum en finn ég orkuna minnka ætla ég að reyna að segja nafn mitt.

Og mun það vonandi hjálpa mér að ljúka erindi mínu, hef ég talað til ykkar áður, gamall Íslendingur Sigurbjörn Einarsson.

*Mig grunaði það.*

Hef ég aftur tekið upp kristna trú og hafa þeir treyst mér til að koma hér að starfi í stjörnusambandsstöð þessari og hafa þeir viljað hafa nokkur áhrif og hef ég lent í erfiðleikum í fjölskyldu minni og setti Drottinn mér afarkosti að ég yrði að fylgja honum og yrði ég þá leiðtogi einnig fyrir stærri hóp og myndi ég hjálpa honum að koma á ríki hans og máttarverk hans eru stór og vísindin þó merkileg á þessum hnetti.

Og vísindamenn eins og dr. Helgi Pjeturss stórsnjallir, sem ég aðhylltist áður fyrr og hef viðurkennt að eru mjög snjallir og hefur hann lýst þessu rétt, framlífi, vissulega, en þeir verða þó einnig að sjá dýrð Drottins og vona ég til þess að það gerist í framtíðinni, þótt ekki sé hægt að búast við því að þessu sinni.

En er ég hér í minnihluta enn þá og get ég ekki útskýrt þetta til hlítar en ég neyddist til að taka þessa afstöðu og launaði Drottinn mér með því að lagfæra vandamál sem á mér hafa dunið og trúi ég því að það sé öðrum til blessunnar einnig sem halda í hina kristnu trú á þessum hnetti.

Ætla ég ekki að hafa þetta lengra að sinni en veit ég að þið skiljið að við viljum koma okkar mönnum að, öðru hvoru og er þó hægt að búast við andstöðu við því.

Vil ég hleypa að nokkrum spurningum ef þið óskið.

*Eftir hugsanir mínar um þennan Drottinn alsherjar sem þú ert að tala um, þá er hann í mínum huga bara myrkradrottinn, þannig að ég er undrandi á þér en hver hefur sínar ástæður, en ég hef svo sem engar spurningar frekar.*

Já, ég, það eru mismunandi skoðanirnar, eru fleiri sem,

*Mig langar að spurja, þú lýstir þessu eins og þetta væri hagkvæmis aðgerð af þinni hálfu að snúa aftur til kirkjunnar og Jahve eftir þetta.*

Jaá, það má kannski segja það, það er trú og efi sem togast á í manninum, synir mínu höfðu fulla heilsu er þeir komu hingað en varð þar á breyting og talaði Drottinn til mín að ég þyrfti að snúa mér til hans til að koma því í lag.

*Já eins konar þvingun?*

Það má nú lesa um það að Sál hafi farið þá leið einnig og ekki var það talið óeðlilegt og þannig hefur nú margt gerst sem hefur kennt manninum að snúa frá villu síns vegar og tel ég mig kannski hafa miklast of mikið í nýjum líkama mínum, hér kominn á nýja jörð og verð að líta á það þannig.

En þið þekkið hina kristnu trú og hvet ég ykkur til að kynna ykkur hana að síðustu, verð ég þá að kveðja, og skiljið þið afstöðu mína.

Verið þið sælir og blessaðir.

*Vertu blessaður, vertu sæll.*